

Nr. 401/2010.

Fimmtudaginn 17. febrúar 2011.

Óskar Rúnar Harðarson

(Guðmundur B. Ólafsson hrl.)

gegn

Eignamiðluninni ehf.

(Karl Axelsson hrl.)

Orlof.

Í málinu greindi aðila á um greiðsluskyldu E á orlofi vegna kaupaukagreiðslna til Ó sem hann naut á starfstíma sínum hjá E á árunum 2003-2006. E byggði meðal annars á því að kaupaukagreiðslurnar hefðu ekki verið hluti af ráðningarkjörum Ó, heldur inntar af hendi samkvæmt ákvörðun E hverju sinni í því skyni að veita Ó hlutdeild í velgengni fyrirtækisins. Í héraðsdómi, sem staðfestur var í Hæstarétti, var talið nægilega í ljós leitt að umræddar greiðslur hefðu ekki verið umsamin hluti af launakjörum Ó. Greiðslurnar hefðu því ekki verið tengdar ráðningar- eða starfskjörum hans með þeim hætti að taka bæri tillit til orlofs vegna þeirra á grundvelli 2. mgr. 7. gr. orlofslaga nr. 30/1987. Var E því sýknað af kröfu Ó í málinu.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar 22. júní 2010. Hann krefst að stefnda verði gert að greiða sér 2.074.800 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af nánar tilgreindum fjárhæðum frá 1. maí 2004 til 1. maí 2007, en af 2.074.800 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur.

Áfrýjanda verður gert að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti eins og nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Héraðsdómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Óskar Rúnar Harðarson, greiði stefnda, Eignamiðluninni ehf., 400.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 25. mars 2010.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. mars sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Óskari Rúnari Harðarsyni, Andarhvarfi 9c, Kópavogi, gegn Eignamiðluninni ehf., Síðumúla 21, Reykjavík, með stefnu áritaðri um birtingu 27. apríl 2009.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefnda verði gert að greiða stefnanda kr. 2.074.800, ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af kr. 266.000 frá 01.05.2004 til 01.05.2005, af kr. 744.800 frá 01.05.2005 til 01.05.2006, af kr. 1.489.600 frá 01.05.2006 til 01.05.2007 og af kr. 2.074.800 frá 01.05.2007 til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar ásamt virðisaukaskatti úr hendi stefnda samkvæmt mati réttarins eða samkvæmt málskostnaðarreikningi sem lagður yrði fram við aðalflutning málsins, ef til hans kemur.

Dómkröfur stefnda eru aðallega þær að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi eða samkvæmt mati dómsins.

Stefndi krefst þess til vara að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og að málskostnaður verði felldur niður.

Málsatvik

Málsatvik eru þau að stefnandi hóf störf fyrir stefnda í september árið 1997 og starfaði við sölu fasteigna. Hann var starfsmaður stefnda allt þar til 19. janúar 2007, þegar gerður var starfslokasamningur við stefnanda. Á starfstíma stefnanda var ekki gerður skriflegur ráðningarsamningur við hann en mánaðarlaun hans voru kr. 450.000 þegar hann lét af störfum hjá stefnda.

Til viðbótar föstum launum fékk stefnandi frá árinu 2003, eins og aðrir starfsmenn stefnda, aukagreiðslur eða svokallaða bónusa í janúar ár hvert. Þannig fékk stefnandi að sögn stefnda kr. 2.500.000,- í bónus vegna ársins 2003, kr. 4.700.000,- vegna ársins 2004, kr. 7.000.000,- vegna ársins 2005 og kr. 5.500.000,- vegna ársins 2006. Í tvö fyrstnefndu skiptin voru greiðslurnar tilgreindar sem bónus á launaseðlum en í tvö síðarnefndu sem launauppbót.

Við starfslok stefnanda hjá stefnda 19. janúar 2007 var gerður starfslokasamningur sem fól í sér uppgjör á milli málsaðila. Með því samkomulagi var ákveðið að stefnandi fengi full laun fyrir janúar, febrúar, mars og apríl 2007 ásamt áunnu orlofi. Þá sömdu aðilar um að skipta sölubóknun og þóknun vegna kaupa á tilteknum eignum með nánar tilgreindum hætti. Uppgjör vegna orlofs kemur fram á launaseðli, dags. 31. maí 2007.

Með bréfi lögmanns stefnanda til stefnda, dags. 3. febrúar 2009, var krafist greiðslu orlofs af þeim launauppbótargreiðslum, sem stefnandi hafði fengið í sinn hlut. Með bréfi lögmanns stefnda, dags. 18. febrúar 2009, var kröfunni mótmælt með vísan til þess að stefnandi ætti ekki rétt á orlofi vegna umræddra greiðslna. Krafan var ítrekuð með bréfi, dags. 6. mars 2009, en stefndi mótmælti henni með bréfi, dags. 24. sama mánaðar, með vísan til fyrri röksemda.

Mál þetta varðar ágreining aðila um skyldu stefnda til greiðslu orlofs af umræddum uppbótargreiðslum er greiddar voru stefnanda á árunum 2004 til 2007.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi reisir dómkröfur sínar á því að hann eigi lögbundinn rétt til orlofsgreiðslna af heildarlaunum sínum vegna starfa fyrir stefnda, þ.m.t. launauppbótargreiðslum, og að ekkert liggi fyrir um að stefnandi hafi afsalað sér slíkum rétti eða að orlof hafi verið innifalið í umræddum launauppbótargreiðslum, hvorki með samningum né öðrum viðlíka hætti.

Hvað varðar lögbundinn rétt stefnanda til orlofsgreiðslna vísast til ákvæða laga nr. 30/1987 um orlof, sbr. 1. gr. laganna þar sem kveðið sé á um að allir þeir sem starfi í þjónustu annarra gegn launum eigi rétt á orlofi og orlofslaunum samkvæmt reglum laganna, sbr. og 8. gr. laganna sem kveði á um skyldu vinnuveitanda til að greiða launþega öll áunnin orlofslaun við lok ráðningartíma. Í 2. mgr. 7. gr. laganna komi skýrlega fram að orlofslaunahlutfall skuli reiknast af heildarlaunum viðkomandi starfsmanns en með heildarlaunum sé átt við öll laun, hvort sem um sé að ræða föst laun, yfirvinnu eða aðrar óreglulegar greiðslur sem teljist til launaliða. Hafi þessi skilningur ítrekað verið staðfestur í dómum Hæstaréttar. Telur stefnandi ljóst að launauppbótargreiðslur stefnda til stefnanda falli undir skilgreiningu heildarlauna, enda hafi þær verið greiddar í tengslum við störf stefnanda fyrir stefnda auk þess sem stefndi hafi gert grein fyrir þeim í launaseðlum stefnanda og staðið skil á launatengdum gjöldum vegna þeirra.

Þó ekki sé um það kveðið í lögum um orlof þá hafi almennt verið talið heimilt að aðilar semji um að orlof sé innifalið í launum eða tilteknum launaliðum starfsmanns, og verði því ekki greitt síðar. Slíkt sé þó háð því að vinnuveitandi geti sýnt fram á samning eða samþykki starfsmanns þess efnis og beri hann sönnunarbyrði fyrir því að slíkt fyrirkomulag hafi verið ákveðið. Í máli þessu liggi ekki fyrir neitt slíkt samkomulag eða fyrirkomulag. Þvert á móti hafi stefndi skuldbundið sig til að greiða stefnanda áunnið orlof, sbr. starfslokasamning þann er

aðilar gerðu sem sé í samræmi við áðurnefnda 8. gr. laga um orlof. Við það hafi stefndi hins vegar ekki staðið þrátt fyrir áskoranir stefnanda.

Þá telur stefnandi rétt að benda á að fyrningarfrestur orlofskrafna sé fjögur ár skv. 3. gr. áðurgildandi laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, en umrædd lög gildi um ágreining þennan hvað fyrningu varðar, sbr. 28. gr. nógildandi laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda. Þá hafi Hæstiréttur túlkað ákvæði 3. mgr. 7. gr. laga um orlof svo, að fyrningarfrestur orlofskrafna hefjist ekki fyrr en ári eftir upphaf orlofsárs, þ.e.a.s. ári eftir að það sé gjaldkræft. Þar sem gjalddagi orlofsgreiðslu vegna fyrstu launauppbótargreiðslu stefnanda hafi verið 1. maí 2004, hófst fyrningarfrestur þeirrar kröfu þann 1. maí 2005. Byggir stefnandi því á því að enginn hluti kröfu hans sé niður fallinn sökum fyrningar, svo sem stefndi haldi fram, sbr. bréf dags. 18. febrúar 2009.

Að sama skapi byggir stefnandi á því að tómlætissjónarmið geti ekki átt við þegar um orlofskröfur sé að ræða, enda byggir slíkar kröfur á lögbundnum lágmarksréttindum, sem óheimilt sé að semja sig undan, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga um orlof, sbr. og 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

Til nánari skýringar sundurliðast kröfufjárhæð stefnanda þannig:

Ógreitt orlof vegna launauppbótargreiðslna

Launauppbót greidd:	1.1.2004	1.1.2005	1.1.2006	1.1.2007
Gjalddagi	1.5.2004	1.5.2005	1.5.2006	1.5.2007
orlofs:				
Launauppbót:	2.500.000 kr.	4.500.000 kr.	7.000.000 kr.	5.500.000 kr.
Orlofshlutfall 10,64%				
Ógreitt orlof:	266.000 kr.	478.800 kr.	744.800 kr.	585.200 kr.
<u>Samtals ógreitt orlof</u>				2.074.800 kr.

Sem fyrr greinir hafi stefndi ekki orðið við áskorunum um að afhenda stefnanda afrit launaseðla hans vegna greiddra launauppbóta fyrir árin 2003 og 2004. Sé sem fyrr skorað á stefnda að leggja umrædda launaseðla fram í máli þessu en ljóst megi vera að gögnin liggja fyrir hjá stefnda. Skuli stefndi bera hallann af því verði umrædd gögn ekki lögð fram.

Hvað ofangreint orlofshlutfall varðar sé vísað til kjarasamninga VR og þess að stefnandi hafði starfað fyrir stefnda í meira en 5 ár þegar til fyrstu launauppbótargreiðslunnar kom. Dráttarvaxtakröfur stefnanda miðist við gjalddaga hvefrrar orlofsgreiðslu, sbr. 1. mgr. 5. gr. vaxtalaga nr. 38/2001.

Kröfum sínum til stuðnings vísar stefndi til laga nr. 30/1987 um orlof, einkum til 1. gr., 2. gr., 7. gr. og 8. gr., sem og til 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks. Um dráttarvexti sé vísað til III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, sbr. 1. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 6. gr. laganna. Um málskostnað sé vísað til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og um varnarþing sé vísað til 1. mgr. 33. gr. sömu laga..

Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi byggir á því að hugtakið orlof merki ákveðið hlutfall af launum fólks sem það fær greitt út til þess að geta tekið sér frí frá vinnu. Um rétt til orlofs sé fjallað í lögum nr. 30/1987 um orlof. Þar komi fram í 1. gr. að allir þeir sem starfi í þjónustu annarra gegn launum eigi rétt á orlofi samkvæmt reglum sem settar séu fram í öðrum ákvæðum. Um reiknireglur orlofs sé fjallað í 7. gr. laganna. Orlof sé greitt af heildarlaunum starfsmanns, sbr. 2. mgr. 7. gr. sömu laga. Markmið og tilgangur orlofslaga sé að launþegi njóti sömu launakjara í orlofi og hann njóti þann tíma sem hann sé við vinnu. Þannig hafi háttáð til um stefnanda sem naut fullra launa þann tíma sem hann var í orlofi og sé raunar ekki deilt um það í málinu. Verði fallist á kröfur stefnanda væri það í algjöru ósamræmi við markmið orlofslaga.

Stefndi byggir kröfu sína um sýknu á því að stefnandi eigi ekki rétt á orlofi vegna fyrrgreindra bónusgreiðslna þar sem ekki hafi verið um að ræða greiðslu launa sem falli undir 2. mgr. 7. gr. laga nr. 30/1987 um orlof en stefnandi haldi því fram í málinu að hann eigi tilkall til orlofsgreiðslna á grundvelli þess ákvæðis. Sönnunarbyrði um að umræddar greiðslur falli undir 2. mgr. 7. gr. orlofslaga hvíli á stefnanda. Umræddar bónusgreiðslur hafi einvörðungu verið inntar af hendi vegna vilja stefnda til að veita starfsmönnum félagsins hlutdeild í velgengni þess. Þær hafi því ekki verið tengdar vinnuframlagi stefnanda eða ráðningarkjörum hans með neinum hætti. Fyrir það vinnuframlag hafi stefnandi, eins og aðrir starfsmenn, fengið föst umsamin laun.

Hefði stefnandi því til að mynda enga kröfu átt á hendur stefnda ef stefndi hefði ekki greitt honum bónusgreiðslur eins og stefndi hafi gert í raun. Að mati stefnda hafi því verið um að ræða greiðslur sem stefndi reiddi fram að öllu leyti umfram skyldu. Geti greiðslurnar ekki fallið undir 2. mgr. 7. gr. laganna þar sem fram komi að reiknuð orlofslaun fyrir hvert launátímabil séu kauptryggð þannig að deilt skuli í fjárhæð áunninna orlofslauna með dagvinnukaupi starfsmanna. Stefnandi hafi í engu skýrt hvernig unnt sé að færa bónusgreiðslur, sem greiddar séu umfram skyldu, undir reiknireglu 2. mgr. 7. gr. orlofslaga, enda sé krafan í andstöðu við markmið og eðlilega skýringu laganna.

Því sé mótmælt sem röngu að dómaframkvæmd bendi til þess að greiða beri orlof vegna bónusgreiðslna sem greiddar séu einu sinni á ári, enda hafi ekki reynt á slíka skyldu fyrir Hæstarétti. Þar sem umræddar greiðslur teljast ekki til launa í skilningi laga nr. 30/1987 verði að sýkna stefnda af kröfu stefnanda, enda hafi stefnandi nú þegar fengið greitt það orlof sem hann eigi lögbundinn rétt til á grundvelli laga nr. 30/1987. Þá sé það alrangt sem fram komi í stefnu að í 2. mgr. 7. gr. orlofslaga komi fram að með heildarlaunum sé „átt við öll laun, hvort sem um er að ræða föst laun, yfirvinnu eða aðrar óreglulegar greiðslur sem teljast til launaliða.

Stefndi byggir enn fremur á þeirri málsástæðu að krafa stefnanda fari í bága við ákvæði laga nr. 30/1987 að því leyti að lögin eigi aðeins að tryggja launþegum rétt á orlofi og hefðbundin launakjör á meðan á orlofstöku standi. Það verði hins vegar ekki ráðið af lögum að markmið þeirra sé að skylda vinnuveitendur til að greiða orlof vegna greiðslna sem verði ekki raktar með beinum hætti til starfa starfsmanna í þágu vinnuveitanda og sem inntar séu af hendi umfram skyldu. Þessi skilningur sem stefnandi virðist leggja í orlofsrétt samkvæmt lögum nr. 30/1987 sé því hvorki í samræmi við orðalag ákvæða laganna né í samræmi við markmið þeirra. Verði fallist á kröfu stefnanda yrði það í fullkominni andstöðu við það markmið laganna að launþegar missi einskis í launum sínum á meðan á orlofi standi.

Þá sé byggt á því að þar sem stefnandi hafi tekið sér orlof þau ár sem krafa hans taki til og þannig notið óskertra launa í samræmi við samkomulag málsaðila um ráðningarkjör hans á þeim tíma, þá geti stefnandi ekki gert tilkall til orlofsgreiðslna. Varðandi þessa málsástæðu sé enn fremur vísað til þess sem að framan sé rakið um markmið og tilgang orlofslaga, sem sé m.a. sá að launþegi njóti óskertra kjara í orlofi en stefnandi hafi ekki sýnt fram á annað. Verði talið, þrátt fyrir allt sem að framan sé rakið, að greiða beri orlof vegna greiðslna af þessu tagi, sé vísað til þess að staðfest hafi verið í dómaframkvæmd að málsaðilar geti samið um að orlof sé innifalið í tilteknum launagreiðslum. Stefndi telur einsýnt, hvað sem öðru líði, að samkomulag hafi komist á milli aðila við starfslok stefnanda um að hvorugur ætti neina greiðslu á hinn. Öll háttsemi aðila bendi enn fremur til þess að þessi skilningur stefnda sé réttur.

Stefndi byggir á því að stefnandi hafi samþykkt þá tilhögun að greiðsla orlofs kæmi ekki ofan á bónusgreiðslur til hans. Hafi því komist á samningur þess efnis að ekki yrði greitt sérstakt orlof vegna bónusgreiðslna heldur bæri að líta svo á að orlofið væri innifalið í greiðslunum. Þannig hafi það verið skilningur stefnda og starfsmanna hans að ekki bæri að greiða orlof vegna bónusgreiðslnanna en ef svo skyldi vera væri orlofið innifalið í fjárhæð greiðslnanna. Þessu til stuðnings sé vísað til fyrirliggjandi yfirlýsinga nítján starfsmanna stefnda, sem liggi fyrir í málinu. Hér sé um að ræða alla starfsmenn stefnda sem þegið hafa bónusgreiðslur frá félaginu. Þar komi fram að það hafi áttið verið skilningur viðkomandi starfsmanna að hvorki hafi átt að greiða orlof vegna umræddra bónusgreiðslna né hafi það staðið til. Þá sé staðfestur sá skilningur viðkomandi starfsmanna að um greiðslur utan venjulegra launa hafi verið að ræða og ef greiða ætti orlof vegna þeirra væri það innifalið í fjárhæð viðkomandi greiðslna. Hafi þeir starfsmenn stefnanda sem notið hafa bónusgreiðslna því staðfest að samkomulagi hafi verið náð um þetta atriði. Hið sama hafi endurskoðandi félagsins gert. Veki það óneitanlega furðu að einungis stefnandi, af öllum starfsmönnum stefnda, skuli ekki kannast við slíkt, enda hefði aldrei komið til greina að stefnandi semdi með öðrum hætti við hann en aðra starfsmenn sína. Ef skilningur stefnanda fái staðist kunní að hafa stofnast tugmilljóna króna krafa á hendur stefnda vegna þess að félagið tók þá ákvörðun umfram skyldu að láta starfsmenn þess njóta velgengni í rekstri þess.

Samkvæmt framansögðu telji stefndi að sýnt hafi verið fram á að það hafi legið fyrir samningur á milli aðila um að ekki bæri að greiða sérstakt orlof vegna bónusgreiðslnanna, en ef talið væri að greiða ætti orlof væri fjárhæð þess innifalin í greiðslunum. Allt hátterni aðila sýni að þetta samkomulag hafi verið í gildi.

Stefndi byggir jafnframt á því að með því að skrifa undir samning um starfslok, dags. 16. janúar 2007, hafi stefnandi samþykkt ofangreindan skilning. Þar með hafi með endanlegum hætti verið samið um þær greiðslur sem stefnda bar að greiða stefnanda. Í samningnum sé tiltekið að stefnandi fái full laun fyrir tímabilið janúar til apríl 2007 ásamt áunnu orlofi. Með „áunnu orlofi“ sé átt við það orlof sem stefnandi hafi átt rétt til vegna fastra launa sinna og hafi á þessu tímamarki verið ógreitt. Stefndi hafi að öllu leyti staðið skil á þessum greiðslum. Þeim skilningi stefnanda að tilvísun til áunnins orlofs vísi til orlofs vegna bónusgreiðslna sé mótmælt, enda eigi hann sér enga stoð í orðalagi samningsins eða því sem fór málsaðila á milli við gerð samningsins. Með því að undirrita þennan samning án nokkurs fyrirvara hafi stefnandi samþykkt að hann ætti ekki rétt til frekari greiðslna úr hendi stefnda, enda hafi samningurinn verið gerður í tilefni af starfslokum stefnanda. Eðli máls samkvæmt sé fjallað um allar kröfur aðila í starfslokasamningi. Sé það sérstaklega augljóst í þessu tilviki þar sem samningurinn sé mjög nákvæmur að öllu efni til. Sé útilokað að líta svo á að aðilar hafi talið að orlofsmál stefnanda væru óútkljáð, eins og stefnandi kjósi fyrst að byggja á, rúmum tveimur árum eftir undirritun samningsins og fimm árum eftir fyrstu bónusgreiðsluna.

Verði samkvæmt framansögðu að telja næsta augljóst að stefnandi sé bundinn af þessu samkomulagi í samræmi við meginreglur samningaréttar. Þá verði að hafa í huga að stefnandi hafi sjálfur samið samninginn sem hér um ræðir og verði í samræmi við hefðbundnar túlkunarreglur að skýra vafa honum í óhag hvað þetta varðar. Hér verði enn fremur að líta til menntunar og reynslu stefnanda sem að framan sé rakin en ljóst sé af dómaframkvæmd hér á landi að gerðar séu ríkari kröfur en endranær til manna undir slíkum kringumstæðum sem hér um ræðir en stefnandi sé löggiltur fasteignasali og héraðsdómslögmaður. Enn fremur sé einsýnt að áralangt tómlæti stefnanda við að hafa kröfur sínar uppi bendi til þess að hann taldi sig ekki eiga rétt til umþrættra greiðslna.

Verði ekki talið að bindandi samkomulag hafi komist á milli aðila sé byggt á því að um venju í samskiptum málsaðila og í samskiptum stefnda við aðra starfsmenn hafi verið að ræða, enda hafi ekki verið gerð athugasemd við bónusgreiðslur án sérstaks orlofs í rúmlega fimm ár af hálfu stefnanda eða annarra starfsmanna.

Loks byggir stefndi kröfu sína um sýknu á því að krafa stefnanda hljóti, hvað sem öðru líði, að vera fallin niður fyrir tómlæti. Á meðan stefnandi gegndi störfum hjá stefnda hafi aldrei komið til umræðu að greiða bæri orlof vegna umræddra bónusgreiðslna. Hafi stefnandi talið slíkt skylt megi ætla að hann hafi strax gert sér grein fyrir því, enda sé stefnandi löglærður. Hafi honum því borið að vekja athygli á þessari kröfu sinni án ástæðulauss dráttar frá því að hann fyrst fékk bónusgreiðslur vegna ársins 2003. Það hafi hann hins vegar ekki gert fyrr en rúmlega tveimur árum eftir að gerður var við hann starfslokasamningur eða rúmum fimm árum eftir að honum barst fyrsta greiðslan. Í þessu felist verulegt tómlæti af hálfu stefnanda og ætti það eitt og sér að leiða til sýknu stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Ef ekki verður fallist á sýknukröfu stefnda sé gerð krafa um verulega lækkun bóta. Í stefnukröfu sé misfarið með þær fjárhæðir sem greiddar hafa verið til stefnanda og verulegt innbyrðis ósamræmi sé í málalíbúnaði stefnanda að því er varðar stofnun og gjalddaga krafna hans.

Stefndi byggir á því að lækka verði kröfu stefnanda þar sem bónusgreiðslur honum til handa fyrir árið 2003 hafi numið kr. 2.500.000, en ekki kr. 3.500.000 eins og fram komi í stefnu. Hefur stefnandi lækkað fjárkröfur sínar til samræmis við það.

Þá sé krafa stefnanda að hluta til fyrnd en fyrningarfrestur kaupkrafna sé fjögur ár samkvæmt 1. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda sem gildi um kröfur stefnanda, sbr. 14. gr. orlofslaga. Öllum sjónarmiðum stefnanda um gjalddaga krafna hans sé sérstaklega mótmælt. Sé umfjöllunin í innbyrðis ósamræmi og geri raunar ráð fyrir þeirri einkennilegu stöðu, sem vandséð sé að fái staðist, að stefnandi geti átt tilkall til dráttarvaxta af fjárkröfum sínum áður en þær áttu að hafa fallið í gjalddaga. Þannig segi til að mynda, í kafla 2.4 í stefnu, að fyrningarfrestur hafi ekki hafist fyrr en 1. maí 2005. Í kafla 2.6 sé á hinn bóginn talað um að gjalddagi kröfunnar hafi verið 1. maí 2004 og dráttarvaxta krafist frá því tímamarki samkvæmt dómkröfu í stefnu.

Stefndi bendir einnig á að samkvæmt launaseðlum þá hafi bónus vegna ársins 2003 verið inntur af hendi vegna almanaksársins 2003 en ekki vegna orlofsársins frá 1. maí 2003 til 30. apríl 2004. Hið sama gildi um aðrar

greiðslur sem stefndi kaus að inna af hendi til stefnanda, þær taki ekki til orlofsársins í hverju tilviki heldur almanaksársins. Framsetning krafna stefnanda geri á hinn bóginn ráð fyrir að bónusgreiðslurnar hafi verið inntar af hendi vegna orlofsársins í hverju tilviki fyrir sig. Stefndi bendir á að bónusgreiðslur vegna ársins 2003 séu allt eins vegna orlofsmánaðanna janúar til apríl 2003 og vegna orlofsmánaðanna maí 2003 til apríl 2004. Sé því rétt að miða hverja bónusgreiðslu við hluta af árinu á undan en ekki allt árið eins og stefnandi virðist telja rétt. Hvað sem öðru líði þá hafi að minnsta kosti hluti af kröfu vegna ársins 2003 gjaldfallið í síðasta lagi 1. maí 2004 og var hún því fyrnd þegar mál þetta var höfðað.

Því orlofshlutfalli sem miðað sé við í kröfugerð stefnanda sé mótmælt. Stefndi krefjist 10,64% orlofshlutfalls en enginn reki sé gerður að því að skýra þetta hlutfall og byggir stefndi á því að enginn samningur hafi verið gerður þar að lútandi. Stefndi vísir einungis til kjarasamninga VR. Óljóst sé hvers vegna miða beri við slíka kjarasamninga og hvort þeir taki yfir höfuð til stefnanda. Ekki liggi fyrir að stefnandi hafi greitt nein gjöld til VR. Þá sé óljóst nákvæmlega hvaða kjarasamning átt sé við og frá hvaða ári. Stefndi beri sönnunarbyrðina fyrir því að miða beri við herra orlofshlutfall en áskilið sé í lögum nr. 30/1987, en eins og hér sé ástatt telur stefndi ekki unnt að miða við herra hlutfall en 10,17%, sbr. 2. mgr. 7. gr. laganna.

Dráttarvaxtakröfu stefnanda, þar á meðal upphafstíma dráttarvaxta, sé mótmælt. Sé vísað til fyrri umfjöllunar að framan um gjalddaga krafna stefnanda og að greiðslur orlofs hafi náð til almanaksársins en ekki orlofsársins í hverju tilviki. Því sé mótmælt að dráttarvextir geti lagst á orlofsgreiðslur 1. maí 2004, 2005, 2006 og 2007 og að slíkt eigi sér stoð í dómaframkvæmd. Af dómaframkvæmd Hæstaréttar verði þvert á móti ráðið að gjalddagi orlofsgreiðslna sé í lok næsta orlofsárs eftir að krafa stofnaðist, sbr. 3. mgr. 7. gr. laga nr. 30/1987. Verði þrátt fyrir allt talið að stefnandi eigi lögmætt tilkall til orlofsgreiðslna úr hendi stefnanda sé rétt að miða upphafstíma dráttarvaxta í fyrsta lagi frá dómsuppsögu.

Um lagarök vísar stefndi einkum til tilgreindra ákvæða laga nr. 30/1987 um orlof og meginreglna samningaréttar. Um dráttarvexti er vísað til laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Um málskostnað er vísað til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Niðurstaða

Svo sem fram kemur í starfslokasamningi stefnanda lét hann af störfum hjá stefnda 19. janúar 2007. Samkvæmt grein 2 í starfslokasamningnum er tekið fram að stefnandi skyldi fá full laun fyrir mánuðina janúar, febrúar, mars og apríl ásamt áunnu orlofi. Samkvæmt sérstökum launaseðli, dags. 31. maí 2007, var orlof þetta gert upp með 519.151 krónu. Með þeirri greiðslu var lokið uppgjóri gagnvart stefnanda vegna starfsloka hans hjá stefnda.

Í málinu er ágreiningur með aðilum um greiðsluskyldu stefnda á orlofi sem stefnandi telur sig eiga tilkall til vegna bónus- eða kaupaukagreiðslna sem stefnandi naut á starfstíma sínum hjá stefnda. Ágreiningur málsins lýtur að greiðslum, sem voru inntar af hendi vegna áranna 2003-2006, en fyrir liggur að þær höfðu einnig átt sér stað fyrir þann tíma. Af gögnum máls verður ráðið að ekki hafi komið til álita, hvorki hjá stefnda, né þeim starfsmönnum hans, sem þessar greiðslur fengu, að til viðbótar þeim skyldi reikna orlof. Sú krafa var fyrst sett fram af hálfu stefnanda rúmum tveimur árum eftir starfslok hans hjá stefnda.

Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laga nr. 30/1987 um orlof kemur fram sú meginregla að reikna skuli orlof af heildarlaunum. Við það verður að miða í þessu efni að um sé að ræða laun eða greiðslur sem beinlínis leiðir af ráðningarsamningi aðila. Ekki var gerður skriflegur ráðningarsamningur við stefnanda og af hálfu stefnda er því haldið fram að bónusgreiðslur þær sem hér um ræðir hafi ekki verið hluti af ráðningarkjörum stefnanda. Greiðslur þessar hafi eingöngu verið inntar af hendi samkvæmt ákvörðun stefnda hverju sinni í því skyni að veita starfsmönnum stefnda hlutdeild í velgengni fyrirtækisins þ.á. m. stefnanda. Af gögnum máls þykir nægilega í ljós leitt, m.a. af skýrslutökum fyrir dómi, að greiðslur þessar hafi ekki verið umsaminn hluti af launakjörum starfsmanna stefnda. Verður því fallist á það með stefnda að greiðslur þessar hafi ekki verið tengdar ráðningar- eða starfskjörum stefnanda með þeim hætti að taka beri tillit til orlofs vegna þeirra á grundvelli 2. mgr. 7. gr. orlofslaga. Ber þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu, en eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Eggert Óskarsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð:

Stefndi, Eignamiðlunin ehf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Óskars Rúnars Harðarsonar, í máli þessu.
Málkostnaður fellur niður.